

Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 31. maí 2024

Tilvísun: 202405042 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna rammahluta þróunarsvæðis á vestanverðu Kársnesi, Kópavogsbær

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 16. maí 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. maí 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðs rammahluta aðalskipulags er í meginatriðum að skapa stefnu um áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á góðar samgöngutengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými. Settar eru fram sjö áherslur sem verða grunnur að leiðarljósum og markmiðum fyrir rammahluta svæðisins.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu:

- Í lýsingunni er vísað í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 en nýverið tók gildi Landsskipulagsstefna 2024-2038 og þarf umfjöllun að taka mið af henni.
- Bent er á að taka mið af húsnaðisáætlun sveitarfélagsins hvað varðar greiningu á stöðu húsnaðismála, þar með talið framboði og eftirspurn eftir margvíslegu húsnaðisformi og mati á húsnaðisþörf heimila.
- Hvatt er til þess að sett séu skýr ákvæði í rammahluta aðalskipulags til leiðbeiningar fyrir deiliskipulag til þess að tryggja þau metnaðarfullu markmið sem sett eru fram fyrir svæðið.
- Skoða þarf hvort tilefni sé til að setja fram áfangaskiptingu fyrir uppbyggingu svæðisins.

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sérfræðingur, svið skipulags